



Miklar fylgissveiflur og óánægja með nýjan meirihluta í borginni

Í janúar sleit Ólafur F. Magnússon meirihlutasamstarfi F-listans við Samfylkinguna, Vinstri græna og Framsóknarflokkinn í borgarstjórn sem myndað hafði verið í október og hóf samstarf við Sjálfstæðisflokkinn. Í kjölfarið tók hann við af Degi B. Eggertssyni sem borgarstjóri.

Meirihluti borgarbúa eða 62% sögðust vera óánægð með nýja meirihlutann, en 27% ánægð. Mest er ánægjan meðal þeirra sem myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn ef gengið yrði til borgarstjórnarkosninga nú eða tæp 76%. Um það bil 91% fylgismanna Samfylkingarinnar og Vinstri grænna eru óánægð með nýja meirihlutann. Þá eru konur mun óánægðari en karlar.


Um 64% borgarbúa eru óánægð með nýja borgarstjórnann en um 16% eru ánægð með hann. Þar er óánægjan einnig meiri meðal kvenna en ánægjan meðal þeirra sem myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn.

Á tímabilinu frá 9. til 22. janúar var spurt um viðhorf fólks til starfa Dags B. Eggertssonar borgarstjóra og sögðust 54% vera ánægð með störf hans og 19% óánægð.

Loks var spurt hversu mikið eða lítið traust fólk bæri almennt til borgarfulltrúa flokkanna í Reykjavík og bera borgarbúar mest traust til borgarfulltrúa Samfylkingarinnar en um 46% bera traust til þeirra. Borgarfulltrúar Vinstri grænna njóta trausts um 41% borgarbúa en 36% bera lítið traust til þeirra. Um 33% borgarbúa bera mikið traust til borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, en helmingur íbúa borgarinnar ber lítið traust til þeirra. Innan við 10% bera mikið traust til borgarfulltrúa Frjálslyndra og óháðra en um 64% bera lítið traust til þeirra. Minnst traust ríkir þó í garð borgarfulltrúa Framsóknarflokksins, tæp 80% bera lítið traust til þeirra en einungis 4% mikið traust. Allir flokkarnir njóta mest trausts hjá þeim kjósendum sem myndu kjósa viðkomandi flokk ef kæmi til kosninga nú.

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með...


Nýjan meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur?



Ánægðir

Allir	D	S	V
27,1	76,0	3,2	2,3


Nýjan borgarstjóra Ólaf F. Magnússon?



Ánægðir

Allir	D	S	V
15,7	49,3	1,1	4,8

Störf Dags B. Eggertssonar borgarstjóra?




Fylgi flokka í Reykjavík

Miklar sveiflur urðu á fylgi flokka í Reykjavík við meirihlutaskiptin 21. janúar. Fylgi Sjálfstæðisflokksins hafði verið á uppleið frá nóvember en dalaði um 4 prósentustig og er nú um 38%. Vinstri grænir bæta fylgi sitt um 3 prósentustig og hafa nú fylgi 17% borgarbúa. Samfylkingin mælist nú með mest fylgi eða 41% sem er aukning um 1 prósentustig frá meirihlutaskiptunum. Fylgi Framsóknarflokksins og Frjálslyndra og óháðra mælist í kringum 2%. Miðað við þessar fylgistölur yrði skipting borgarfulltrúa á þá leið að Sjálfstæðisflokkur fengi 6 borgarfulltrúa, Samfylkingin sömuleiðis 6 og Vinstri grænir 3 borgarfulltrúa, ef kosið væri til borgarstjórnar nú.

Skipting borgarfulltrúa miðað við könnun



D F B S V



Hversu mikið eða lítið traust berð þú almennt til...


Borgarfulltrúa Samfylkingarinnar?



Mikið traust

Allir	D	S	V
45,7	12,2	81,9	59,1


Borgarfulltrúa Vinstri grænna?



Mikið traust

Allir	D	S	V
40,8	12,9	52,7	84,4


Borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins?



Mikið traust

Allir	D	S	V
32,9	82,4	9,7	4,4


Borgarfulltrúa Frjálslyndra og óháðra?



Mikið traust

Allir	D	S	V
9,0	21,9	4,5	8,9

Borgarfulltrúa Framsóknarflokksins?



Mikið traust

Allir	D	S	V
4,4	4,2	7,9	0,0

Spurt var:

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með nýjan borgarstjóra Reykjavíkur, Ólaf F. Magnússon?

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með nýjan meirihluta Sjálfstæðisflokks og Frjálslyndra og óháðra í borgarstjórn Reykjavíkur?

Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með störf Dags B. Eggertssonar, borgarstjóra í Reykjavík?

Hversu mikið eða lítið traust berð þú almennt til borgarfulltrúa Framsóknarflokksins?


Hversu mikið eða lítið traust berð þú almennt til borgarfulltrúa Frjálslyndra og óháðra?

Hversu mikið eða lítið traust berð þú almennt til borgarfulltrúa Samfylkingarinnar?

Hversu mikið eða lítið traust berð þú almennt til borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins?

Hversu mikið eða lítið traust berð þú almennt til borgarfulltrúa Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs?

Röð spurninga um traust til borgarfulltrúa var breytt á milli viðtala. Spurt var um störf Dags B. Eggertssonar á tímabilinu 9. til 22. janúar 2008.



Almennt hafa litlar breytingar orðið á fylgi flokka frá síðustu mælingu. Þó ber það til tíðinda að Framsóknarflokkurinn hefur aldrei mælst með minna fylgi í mælingum Capacent Gallup, flokkurinn mælist nú með um 7,6% fylgi. Fylgi Sjálfstæðisflokks er rúmlega 41%, Samfylkingin mælist með 31% fylgi, Vinstrihreyfingin-grænt framboð með riflega 15% og Frjálslyndi flokkurinn

rösklega 4%. Íslandshreyfingin-lifandi land mælist með undir 1% fylgi. Stuðningur við ríkisstjórnina minnkar litillega annan mánuðinn í röð, en hún nýtur nú stuðnings 76% svarenda. Tæplega 17% svarenda taka ekki afstöðu eða neita að gefa hana upp og líðlega 6% segjast myndu skila auðu eða ekki kjósa ef kosningar færu fram í dag.

Spurt var:
Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk myndir þú kjósa?
En hvaða flokkur yrði líklegast fyrir valinu?
Hvort er líklegt að þú kysir Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern hinna flokkanna?
Styður þú ríkisstjórnina?


Gallup spurði þjóðina um afstöðu sína til þeirrar ákvörðunar Ólafs Ragnars Grímssonar forseta að gefa kost á sér til endurkjors. Sögðust 80% vera ánægð með ákvörðunina, en það er svipað hlutfall og þegar sömu spurningar var spurt í Þjóðarpúlsinum í mars árið 2000. Einungis 6% eru óánægð með ákvörðunina. Ennfremur eru 87% þjóðarinnar ánægð með störf Ólafs Ragnars sem forseta. Þegar fólk var spurt hvort það styddi hann sem forseta, sögðust 86% gera það, 10% vilja fá einhvern annan í embættið og 5% er alveg sama hver sinnir embættinu.

Spurt var hvort þau skilyrði sem menn þurfa að uppfylla til að geta boðið sig fram til embættis forseta Íslands væru of ströng eða of væg og fannst 57% landsmanna þau vera of væg, en aðeins 2% að þau væru of ströng.

Þá var spurt hvort ætti að takmarka þann tíma sem einstaklingur getur gegnt embætti forseta Íslands og voru 42% þeirrar skoðunar.

Þeir einstaklingar sem játuðu því voru þá spurðir hversu mörg ár einstaklingur ætti

Styður þú Ólaf Ragnar Grímsson?



að geta gegnt embætti forseta Íslands. Tæplega helmingi þeirra fannst 10-12 ár vera hæfilegur hámarkstími í embætti, en álíka mörgum fannst 8 ár eða skemmri tími

Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með...

Framboð Ólafs Ragnars til endurkjors?



Störf Ólafs R. Grímssonar, forseta Íslands?




Skilyrði fyrir framboði til forseta Íslands eru



Á að setja takmörk fyrir lengd forsetatíðar?



Hámarks lengd forsetatíðar



og 15 ár eða lengri tími hæfilegur. Yfirgnæfandi meirihluti þjóðarinnar er andvígur því að leggja niður embætti forseta Íslands, eða 89%, en 7% eru því hlynnt.

Spurt var:

Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands hefur ákveðið að gefa kost á sér til endurkjors. Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með þá ákvörðun Ólafs Ragnars?
Styður þú Ólaf Ragnar Grímsson sem næsta forseta eða viltu að einhver annar sinni því embætti?

Í 4. gr. stjórnarskrárinnar segir að menn verði að uppfylla eftirtalin skilyrði til að geta boðið sig fram til embættis forseta Íslands: vera orðnir 35 ára, hafa íslenskan ríkisborgararétt og að auki skal forsetaefni hafa meðmæli minnst 1500 kosningabærra manna. Finnst þér þessi skilyrði fyrir forsetaframboði vera of ströng eða of væg?

Í lögum eru ekki takmarkanir fyrir því hversu lengi einstaklingur getur gegnt embætti forseta Íslands. Finnst þér að það ætti að setja takmörk fyrir lengd forsetatíðar?

Hversu mörg ár finnst þér að einstaklingur ætti að geta gegnt embætti forseta Íslands?

Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með störf Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands?

Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að leggja niður embætti forseta Íslands?

Niðurstöður sem hér birtast um fylgi flokkanna á landsvísi eru úr símakönnun sem Capacent Gallup gerði dagana 2. til 29. janúar 2008. Svarhlutfall var tæplega 61%, úrtaksstærð 5.057 manns. Vikmörk eru 0,5-2%. Niðurstöður úr spurningum sem snúa að embætti og störfum forseta Íslands, auk spurningarinnar um ánægju með störf Dags B. Eggertssonar eru úr símakönnun sem gerð var dagana 10. - 22. janúar. Svarhlutfall var næstum 61%, úrtaksstærð 1.257 manns. Aðrar spurningar um málefni Reykjavíkurborgar eru úr símakönnun sem gerð var dagana 22. - 29. janúar og úr netkönnun sem gerð var dagana 23. - 31. janúar. Svarhlutfall í símakönnuninni var nálægt 61%, úrtaksstærð 1.443 manns og í netkönnuninni var svarhlutfall nærri 67%, úrtaksstærð 1.237. Í öllum tilvikum var rætt við 18-75 ára fólk af öllu landinu. Hvorki má birta fréttabréf þetta né upplýsingar úr því opinberlega án skriflegs leyfis Capacent.

Útgefið af: Capacent Gallup Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími: 540 1000 Netfang: snorri.arnason@capacent.is Umsjón með útgáfu: Snorri Örn Árnason og Matthías Þorvaldsson.

Ábyrgðarmaður: Dr. Guðbjörg Andrea Jónsdóttir. © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. Capacent 2006. Allur réttur áskilinn.